

## REGLUGERÐ

### um gestagjöld á Þingvöllum.

#### 1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka eftirtalin gjöld:

- a. Fyrir tjaldstæði sem hér segir:
  1. Af einstaklingi á aldrinum 16 til 66 ára kr. 500 fyrir hverja nótt.
  2. Af einstaklingi á aldrinum 67 ára og eldri kr. 250 fyrir hverja nótt.
- b. Fyrir köfun kr. 1.000 á mann fyrir hvern dag eða kr. 5.000 á mann fyrir eitt ár.
- c. Fyrir veiðileyfi samkvæmt samþykktum veiðifélags Þingvallavatns.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, til að öðlast gildi við birtingu. Um leið er úr gildi felld reglugerð nr. 255 26. apríl 1995, með sama nafni.

*Forsætisráðuneytinu, 31. maí 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 301

23. maí 1996

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Stykkishólms hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. maí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005 frá 22. apríl 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að hluti iðnaðarsvæðis verður íbúðarlóð.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*